

# Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

Í rafrænu fréttabréfi Mannréttindaskrifstofu Íslands er að finna upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og yfirstandandi verkefni auk fróðleiks um mannréttindi á Íslandi og alþjóðlegum vettvangi. Er það von okkar að fréttabréfið verði velunnurum skrifstofunnar, og áhugafólki um mannréttindamál almennt, til gagns og gamans.

Þeir sem óska eftir að gerast áskrifendur að fréttabréfinu eða vilja hætta áskrift geta sent tölvupóst á [info@humanrights.is](mailto:info@humanrights.is).

## Liðnir atburðir

### Nefndarstörf

#### Sæti í nefndum

Í byrjun árs 2013 tók Framkvæmdastjóri sæti í Velferðarvaktinni sem fulltrúi MRSÍ, og hélt hún einnig áfram störfum sínum í ýmsum ráðum og nefndum, svo sem teymi um málefni innflytjenda og vinnuhóp um endurskoðun búsetuskerðinga.

#### Fyrirtaka Íslands hjá nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Framkvæmdastjóri hélt til Genfar 20. nóvember 2012 vegna fyrirtöku Íslands hjá nefnd sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

### Samstarfsverkefni

#### Grundtvig fundir í Búdapest, Kaupmannahöfn og Reykjavík

MRSÍ tók þátt í Grundtvig samstarfsverkefni „Enhancing Legal Literacy Network.“ Markmið þess var að auka skilning einstaklinga á löggjöf bæði innlendri sem og alþjóðlegum samningum til þess að gera þeim kleift að átta sig á lagalegri stöðu sinni og gera þeim auðveldara fyrir að leita réttar síns. Verkefnið fólst í heimsóknum samstarfsaðila hvers til annars þar sem þeir miðluðu af reynslu sinni og þekkingu á fullorðinsfræðslu. Verkefnið stóð yfir í tvö ár og því lauk í september 2013.



Framkvæmdastjóri fór á fund í Búdapest í nóvember 2012, en þar var fundarmönnum kynnt starfsemi NANE, sem eru sjálfbóðaliðasamtök sem aðstoða konur í ofbeldissamböndum. Tóku fundarmenn einnig þátt í „Silent Witness March“, sem er árleg ganga til að minnast þeirra ungversku kvenna sem látið hafa lífið af hendi maka sinna árinu, en það er um það bil ein kona á viku.

Í maí 2013 fór framkvæmdastjóri á fund vegna verkefnisins í Kaupmannahöfn og voru gestgjafarnir að þessu sinni Centre for Positive Integration (CePI). Í Kaupmannahöfn var starfsemi CePI kynnt fyrir þátttakendum ásamt því að farið var til Nørrebro þar sem að CePI hefur unnið mikla vinnu með þeim fjölþjóðlega hópi sem þar býr.

## Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

Í júní var síðasti fundur verkefnisins haldinn hér hjá okkur. Við kynntum starfsemi skrifstofunnar fyrir hópnum en einnig fengum við kynningu á Kvennaráðgjöfinni og fórum í heimsókn til Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Gerður var sameiginlegur bæklingur með helstu niðurstöðum verkefnisins og lokaskýrslu skilað í september.

### Fundir og mannfagnaðir

#### Málstofa um kynbundið ofbeldi

Jafnréttishús og Rauði krossinn í Hafnarfirði héldu málstofu um kynbundið ofbeldi fyrir konur af erlendum uppruna þann 28. nóvember 2012 og flutti Jóna Pálmadóttir meðal annarra erindi af því tilefni.

Umræðuefni voru:

- Þjónusta og úrræði sem standa konum til boða.
- Hvernig skilgreinum við ofbeldi?
- Reynsla kvenna í Kvennaathvarfinu.
- Sérstaða kvenna af erlendum uppruna.
- Áhrif menningar á ofbeldi.

Meira um málstofuna [hér](#).

#### Ráðstefna um Istanbúl samning Evrópuráðsins

Framkvæmdastjóri var hluti af sendinefnd frá Íslandi sem sótti ráðstefnu á vegum finnska þingsins og utanríkisráðuneytisins og Evrópuráðsins í Helsinki þann 17. janúar 2012. Á ráðstefnunni var fjallað um nýlegan samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúl samning.



Frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vef innanríkisráðuneytisins [hér](#).

#### Pallborðsumræður um hlutverk frjálsra félagasamtaka í baráttu hinsegin fólks

Framkvæmdastjóri MRSÍ tók þátt í pallborðsumræðum á vegum Amnesty International um hlutverk frjálsra félagasamtaka í baráttu hinsegin fólks og hvað slík samtök geti gert betur málstaðnum til framdráttar. Umræðurnar fóru fram sunnudaginn 21. apríl í kjölfar erindis Kasha Jacqueline Nabagesera, ötullar baráttukonu fyrir réttindum samkynhneigðra í Uganda.

#### Fundur mannréttindastofnana á norðurlöndunum

Jóna Pálmadóttir fór í lok apríl á fund skipulagðan af Raoul Wallenberg stofnuninni í Lundi, Svíþjóð. Á fundinum var boðið fulltrúum mannréttindastofnana og umboðsmanna á öllum Norðurlöndunum. Rætt var um Parísarreglurnar og hvort að norðurlöndin væru að dragast aftur úr þegar kemur að vernd mannréttinda og hvort að breytinga væri þörf á hinu norræna módeli.

## Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

### Flóttamenn sem fórnarlömb pyndinga og ómannúðlegrar meðferðar

Framkvæmdastjóri var einn af þátttakendum í panelumræðum á málþingi Háskólans í Reykjavík, Rauða kross Íslands og lögmannsstofunnar Réttar þann 17. maí 2013.

Frekari umfjöllun má sjá [hér](#).

### Heimsmeistari í kynjajafnrétti?

Þann 23. maí 2013 kom vinnuhópur Sameinuðu þjóðanna um mismunun gagnvart konum í löggjöf og framkvæmd í heimsókn til Íslands. Hópurinn óskaði eftir að hitta ýmsa sérfræðinga hér á landi, m.a. framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Af því tilefni sendi framkvæmdastjóri grein í Fréttablaðið um heimsókn hópsins og bráðabirgðaniðurstöður hans undir heitinu „Heimsmeistari í kynjajafnrétti?“.

Hópurinn taldi að hér á landi væri staðan góð en ekki væri rúm fyrir slökun og úrbóta væri þörf á vinnumarkaði og hvað varðaði kynbundið ofbeldi.

Grein Margrétar má lesa [hér](#) eða á [vísi.is](http://visi.is).

### Hvað er í blýhólknum?

Þann 29. maí tók Framkvæmdastjóri þátt í umræðum um leikrit Svövu Jakobsdóttur: Hvað er í blýhólknum? Umræðurnar voru hluti af gjörningi sem myndlistarmaðurinn Rui Vilela setti upp og snerust um gerð verksins og pólitískt samhengi þess á 7. áratugnum sem og hvert gildi þess er innan hins alþjóðlega myndlistarheims í dag sem vettvangur fyrir frekari umræðu um jafnrétti kynjanna.

### Morgunarverðarfundir um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Þann 20. febrúar 2013 var samningur *Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn*, lögfestur á Alþingi Íslendinga. Í tilefni af lögfestingunni var efnt til tveggja morgunverðarfunda þar sem fjallað var um hvernig hægt verði að tryggja rétt allra barna á Íslandi óháð uppruna.

Morgunverðarfundirnir voru haldnir á Grand hotel, sá fyrri 19. september og sá síðari 20. nóvember, en sá dagur er einmitt er afmælisdagur Barnasáttmálans og voru þá liðin 24 ár frá því að hann var samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Að fundum stóðu umboðsmaður barna, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg, Samtökin Móðurmál og Samtök kvenna af erlendum uppruna og Teymi um málefni innflytjenda, sem Framkvæmdastjóri situr í fyrir hönd MRSÍ.

Dagskrá fundanna [hér](#) og [hér](#).

### Málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki

Málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki var haldið 3. október á Grand Hótelí Reykjavík og stóð Mannréttindaskrifstofan að því ásamt fjölda annarra félagasamtaka sem og velferðarráðuneyti.

Nánar um málþingið [hér](#).

## Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

### Jafnréttisþing 2013

Félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð boðuðu lögum samkvæmt til Jafnréttisþings 1. nóvember. Hlutverk þingsins er að efna til samræðu milli stjórnvalda og þjóðar um málefni kynjajafnréttis og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum. Fjallað var um fjölmargar hliðar jafnréttismála en megináhersla þingsins að þessu sinni var á jafnrétti á vinnumarkaði.

Framkvæmdastjóri var málstofustjóri í málstofu undir heitinu: Útvíkkun jafnréttishugtaksins. Innleiðing Evróputilskipana um jafna meðferð einstaklinga.

Sjá helstu niðurstöður, dagskrá, svipmyndir og upptökur frá Jafnréttisþingi 2013 [hér](#).

---

## Rannsóknir

### Samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi forsjár eftir uppruna foreldra

MRSÍ og Fjölmenningssetur fengu styrk frá velferðarráðuneytinu til að rannsaka tilhögun forsjár við skilnað ef annað foreldrið er af erlendum uppruna. Skýrslan byggir á rannsókn sem unnin var í samstarfi Fjölmenningsseturs og Mannréttindaskrifstofu Íslands á árinu 2012. Niðurstöður voru kynntar í nóvember 2012 og sýndu þær meðal annars að ótvírætt samband er á milli uppruna barns og forsjárfyrirkomulags þess, en fyrst og fremst er það uppruni foreldris sem stýrir sambandinu sérstaklega .

Skýrslan var kynnt formlega á hádegisverðarfundum í Iðnó þann 5. desember 2012 í samvinnu við Innflytjendaráð og velferðarráðuneytið.

Nánar um skýrsluna [hér](#).

---

## Sérverkefni

### Progress

#### Fræðsla um jafnrétti og bann við mismunun í samvinnu við Jafnréttisstofu

Mannréttindaskrifstofa Íslands hélt í ár líkt og fyrri ár utan um Progress áætlun ESB. Eitt af verkefnum þetta árið var áframhaldandi fræðsla um mismununartilskipanir ESB. Fyrri hluta ársins var unnið með Jafnréttisstofu að þessari fræðslu fyrir starfsmenn stofnana og sveitarfélaga.

#### Uppskeruhátíð evrópskra samstarfsáætlana

Íslendingar hafa verið afkastamiklir þátttakendur í evrópskum samstarfsáætlunum síðastliðin 20 ár. Á Íslandi hefur um 145 milljónum evra verið úthlutað í styrki á vegum Evrópusambandsins frá árinu 2000.

Til að fagna árangri undanfarinna ára stóð Evrópusamvinna fyrir uppskeruhátíð í Hafnarhúsinu 22. nóvember sl. Mannréttindaskrifstofa Íslands var á staðnum og kynnti verkefni þau sem skrifstofan hefur unnið undanfarin ár með styrkjum frá PROGRESS.

Frekari umfjöllun um viðburðinn [hér](#) og [hér](#).

# Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

## Þróunarsjóður EFTA

Skrifstofan hefur að óskutanríkisráðuneytis tekið að sér að vera tengiliður frjálsra félagasamtaka í styrkþega ríkjum þróunarsjóðsins við íslenska aðila með það að markmiði að þeir geti unnið saman að spennandi verkefnum á ýmsum sviðum. Vegna þessa hlutverks hafa starfsmenn skrifstofunnar ferðast til flestra styrkþega ríkjanna 15 og setið svokallaðar upphafsráðstefnur verkefnanna í hverju landi (launching conferences) ásamt því að fá aðra íslenska aðila með sér á slíkar ráðstefnur. Við höfum einnig tekið á móti hópum frá ríkjunum sem hafa fengið styrki til þess að heimsækja Ísland og kynna sér starfsemi frjálsra félagasamtaka og annarra aðila.

## Kynningarfundur um Þróunarsjóð EFTA í Þjóðminjasafni 4. apríl



MRSÍ hélt kynningarfund um þróunarsjóð EFTA í samstarfi við Utanríkisráðuneytið. Fjöldi fólks frá ýmsum frjálsum félagasamtökum á Íslandi litu við og hlýddu á. Á fundinum töluðu Kristján Andri Stefánsson sendiherra, Patrizia Branderello fulltrúi frá þróunarsjóðnum í Brussel, Elitsa Markova frá OSI í Búlgaríu og Margrét Steinarsdóttir lauk dagskránni. Gestum þótti dagskráin afar áhugaverð og hjálpleg.



Nánari upplýsingar um þróunarsjóðinn má finna [hér](#).

## Ráðstefna

Framkvæmdastjóri sat ráðstefnu um hatursáróður í nóvember 2012 sem styrkt var af þróunarsjóðnum. Framkvæmdastjóri fundaði einnig með skipuleggjendum í Búdapest til að ákvarða betur fyrirkomulag samstarfsins.

## Starfsnemi

Í september 2013 kom Kriztina Petka frá Ungverjalandi og staldraði við á skrifstofunni í 4 mánuði en hún hafði fengið styrk frá þróunarsjóði EFTA í Búdapest til þess að kynna sér frjáls félagasamtök á Íslandi og starfsemi þeirra og rekstur.

## Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var í ár haldin dagana 16. – 24. mars með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Á Íslandi héldum við vikuna hátíðlega á alþjóðlegum degi gegn kynþáttamisrétti þann 21. mars.



Slagorðið að þessu sinni var: *Hver segir að við pössum ekki saman?* Merki ársins var hannað af Stefaníu Ósk Ómarsdóttur, meistaranema í teiknimyndagerð við IDEC-Universitat Pompeu Fabra í Barcelona. Merkið var prentað á boli og bæklinga sem dreift var í vikunni.



## Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

Dagurinn hófst með hádegistónleikum Jafnréttisnefndar stúdentaráðs í Stúdentakjallaranum. Þar söng Friðrik Dór fyrir gesti og gangandi við góðar viðtökur áhorfenda. Mannréttindaskrifstofa hélt utan um vitundarvakningarviðburð seinna um daginn í Kringlunni. Þangað mættu ungmenni frá Rauða kross Íslands og dreifðu bæklingum um kynþáttafordóma og fræddu fólk um málefnið.

Frekari umfjöllun um viðburðinn má sjá [hér](#).

### Verkefni gegn hatursorðræðu

#### Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar

Þann 11. nóvember gaf MRSÍ út rit um hatursorðræðu á heimasíðu sinni Ritinu er ætlað að vera yfirlit yfir hatursorðræðu og hatursáróður, ástand mála hér á landi og löggjöf landsins er lýtur að þessum málum. Auk þess er fjallað um alþjóðlega löggjöf um hatursáróður og aðgerðir til þess að sporna gegn honum með vitundarvakningu og fræðslu um fjölbreytileika samfélagsins. Að lokum er fjallað um samspil tjáningarfrelsisins og bann við hatursáróðri og því varpað upp hvor þörf sé á endurskoðun laga hér á landi í tengslum við hatursáróður og hatursorðræðu og því að stjórnvöld marki sér heildstæða stefnu til þess að berjast gegn honum.

Ritið var styrkt af innanríkisráðuneytinu. Nánari umfjöllun um ritið má sjá [hér](#). Ritið má nálgast [hér](#).

Framkvæmdastjóri flutti erindi um hatursræðu og skýrslu Mannréttindaskrifstofunnar um hatursáróður sem gefin var út á netinu 11. nóvember á ráðstefnu um hatursáróður sem haldin var í Sofía í Búlgaríu 28. nóvember.

Í byrjun nóvembermánaðar tók Steinunn Pieper þátt í þremur ráðstefnum sem allar fjölluðu um hatursræðu, bæði á netinu og utan þess, og hvernig hægt er að stemma stigu við henni.



Fyrsta ráðstefnan var haldin á vegum ungmennaráðs Evrópuráðsins dagana 6.-10. nóvember í Strasbourg í Frakklandi. Þar komu saman 160 manns hvaðanæva að úr Evrópu, og Mexíkó, hittust til að ræða No Hate Speech Movement, verkefni Evrópuráðsins sem á íslensku heitir *Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð*. Þar hittust þátttakendur til að læra af og deila reynslu sinni af verkefninu með öðrum.

No Hate Speech Movement stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika og er til þess gert að sporna gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Mannréttindaskrifstofa er fulltrúi í Landsnefnd átaksins, ásamt Heimili og Skóla, SAFT, Æskulýðsvettvanginum, Samfés og LÆF sem skipuð var af Menntamálaráðuneytinu.

[Hér má lesa meira um verkefni Evrópuráðsins](#) og myndir af ráðstefnunni er að finna á [Facebook-síðu íslenska verkefnisins](#).

Önnur ráðstefnan var haldin dagana 12.-13. nóvember í Vilnius í Litháen á vegum stofnunar Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([European Union Agency for Fundamental Rights \(FRA\)](#)). Á hverju ári stendur stofnunin fyrir ráðstefnu um grundvallarréttindi og á þeirri síðustu var ákveðið að bjóða 400 þátttakendum m.a. úr röðum sérfræðinga og stjórnmalafólks til að ræða hatursglæpi og skuldbindingar ESB varðandi bann við mismunun. Rætt var hvernig innlendir og alþjóðlegar stofnanir geta

## Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands nóvember 2012 – desember 2013

stutt við frjáls félagasamtök sem veita þolendum hatursglæpa aðstoð. Einnig var bryddað upp á því nýnæmi að bjóða fólki sem upplifað hefur hatursglæpi að segja frá reynslu sinni, og gefa þeim þar með sterkari röddu.



[Hér](#) má lesa nánar um ráðstefnuna.

[Á síðu FRA](#) má einnig finna rannsókn um ofbeldi gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum, trans-fólki og gyðingum en staðreyndirnar eru sláandi.

Þriðja og loka ráðstefnan var einnig í Vilnius en hún var haldin af Þróunarsjóði EFTA og Human Rights Monitoring Institute í Litháen, í kjölfar ráðstefnu Evrópusambandsins. Á fundinum voru rædd mál er varðar hlutverk Þróunarsjóðsins, og áfram var rætt um hvernig best væri hægt að sporna við hatursræðu og hvert hlutverk hins almenna borgara ætti að vera á þeim vettvangi.

Meira um ráðstefnuna [hér](#).

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi má rekja aftur til ársins 1991. Dagsetning átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, var valin til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.



Mannréttindaskrifstofa hélt í ár líkt og undanfarin ár utan um átakið og tók þátt í skipulagningu og framkvæmd þess. Þema ársins í ár var það sama og undanfarin ár ofbeldi gegn konum í stríði og vopnuðum átökum og var íslensk yfirskrift þess; „Heimilisfriður - heimsfriður“.

Líkt og í fyrra þá voru ýmsir [viðburðir](#) í tengslum við átakið, ásamt greinaskrifum ([smellið til að sjá greinar](#)). Skrifstofan stóð einnig að málþingi í samstarfi við Jafnréttisstofu, Utanríkisráðuneytið, Rauða kross Íslands

og félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi undir yfirskriftinni Framlag íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðsátaka svæðum. Meira um málþingið [hér](#).

Einnig má heyra viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Helgu Þórólfsdóttur í kjölfar málþingsins [hér](#) og [hér](#).

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og upplýsingar um átak síðustu ára má einnig finna á heimasíðu okkar: <http://www.humanrights.is/servefir/16dagar>



**16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi**

25 NÓVEMBER - 10 DESEMBER

---

## Önnur verkefni

### Óháður eftirlitsaðili með frávísun hópa hælisleitenda til upprunalands

Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra óskaði í tvígang á síðasta ári eftir því að fulltrúi frá skrifstofunni sinnti hlutverki óháðs eftirlitsaðila með framkvæmd þeirra á frávísun tveggja hópa hælisleitenda til upprunalands síns. Hóparnir voru annars vegar frá Króatíu, var frávísað þann 28. maí 2013, og hins vegar Albanir, frávísað 12. desember 2013. Hafði Útlendingastofnun í öllum tilvikum hafnað hælisumsókn og ákveðið að fólkinu skyldi vísað frá landinu og hafði innanríkisráðuneytið hafnað frestun réttaráhrifa þeirrar ákvörðunar í málum þeirra aðila sem kærðu þangað.

MRSÍ ákvað að taka þetta hlutverk að sér enda gegnir skrifstofan þegar ákveðnu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum um framkvæmd mannréttinda á Íslandi.

MRSÍ vann skýrslur um frávísunarferlið fyrir alþjóðadeild ríkislögreglustjóra.

---

## Framundan

### Samningur við velferðarráðuneytið um lögfræðiráðgjöf við innflytjendur

Velferðarráðuneytið hefur endurnýjað samning við Mannréttindaskrifstofuna um að annast lögfræðiráðgjöf við innflytjendur þeim að kostnaðarlausu. Mannréttindaskrifstofan hefur sinnt slíkri þjónustu síðastliðin tvö ár og var samningurinn endurnýjaður í ljósi góðrar reynslu af verkefninu. Ráðgjöfin er ætluð öllum innflytjendum á landinu óháð búsetu og fer fram í húsnæði skrifstofunnar. Ráðgjafar hafa reynslu af ráðgjöf við innflytjendur og þekkingu á innflytjendalöggjöf.

Meira [hér](#).

---

### Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð

Íslandsnefndin er stendur að verkefni Evrópuráðsins mun standa að vitundarvakningu og öðrum verkefnum á árinu.

---

### Þróunarsjóður EFTA

Mannréttindaskrifstofan heldur áfram að halda utan um þróunarsjóðinn með tilheyrandi fundum.

Í apríl og maí munu tveir starfsnemar frá Ungverjalandi, sem fengið hafa styrki frá Þróunarsjóði EFTA í Ungverjalandi, koma og kynna sér frjáls félagasamtök, starfsemi þeirra og rekstur.

---

Frekari fréttir af verkefnum Mannréttindaskrifstofunnar verður nú sem endranær hægt finna á heimasíðu okkar, [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)

Fréttabréfið er einnig á heimasíðu MRSÍ: <http://www.humanrights.is/frettabref/frettir/nr/3469>